


| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 07 | | |
| Dags.: 08.04.2010 | | |
| Höfundur: GLÁ | | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 1 af 2 | LIM113 – Skynjun, túlkun, tjáning Kennsluáætlun vorönn 2011 | |

| | | | |
|----------------|---|---------------|-----|
| Kennari | Arna Valsdóttir - arna@vma.is | Sk.st. | AVA |
| | Margrét Lóa Jónsdóttir – mar@vma.is | | MAR |

Áfangalýsing: Í áfanganum kynna nemendur sér forsendur skynjunar mannsins, túlkun hans á skynhrifum og möguleika hans á þeim grunni til tjáningar í listum og hönnun. Farið verður skipulega í gegnum þá þætti sem snúa að ákveðnum sviðum: sjón og tvívíðri tjáningu í teikningu, málverki og prenthönnun; sjón og snertingu í þrívíðri tjáningu í rýmislíst og hönnun; heyrn og tímaskyni í hljóðtjáningu í tónlíst; fjölbættri skynjun í rúmi og tíma í kvikmyndum, leiklíst, óperu og dansi. Efnið verður tekið fyrir á fjölbreyttan hátt og unnið út frá eðlisfræði, líffræði og sálfræði og heimspeki, táknafræði og fagurfræði. Námið byggist að mestu á verkefnavinnu nemenda þar sem kennari leggur inn námsefnið og nemendur rannsaka síðan viðfangsefnið á margvíslegan hátt. Umræður skipa stóran sess í heimspekiumfjöllun áfangans.

Markmið: ... að nemandinn hafi rannsakað...

- **eðli margvíslegrar skynjunar og ýmsa möguleika mannsins til að hafa áhrif á skynjun** - með t.d. teikningu, málverki, skjá- og prenthönnun, listhönnun, iðnhönnun, skúlptúr og byggingarlist, hljóðum og tónum, tónlíst, kvikmyndum, líkamlegri tjáningu, leiklíst dansi, gjörningum, innsetningum, ljósi og skugga.


Efnisatriði/kjarnahugtök Skynjun, innri og ytri veruleiki, skynfæri, úrvinnsla skynhrifa, þröskuldar, algild og afstæð greinimörk, sjón, eðlisfræði, ljóss, sjónskekkjur, ofsjónir, litblinda, flataskilningur, mynsturskynjun, teikning, myndbygging, tjáning á tvívíðu formi, rúmskynjun, rúmtak, snerting, hlutveruleikinn, áferð, þrívídd, höggmyndalist, heyrn, eðlisfræði hljóðs, tónlíst, taktur, hrynjandi, tími, hreyfing, jafnvægi, stöðuskyn, líkamstjáning, vinnuvistfræði (ergonomia), dans, listhugtakið.

Kennsla: Kennarar eru 2 og skipta með sér viðfangsefnum áfangans.

Arna Valsdóttir kennir 2 x 2 tíma á og er umsjónarkennari áfangans. Mun hún vinna rannsóknarvinnu með nemendum þar sem gerðar eru tilraunir með ýmsa grunnþætti skynjunar.

Margrét Lóa Jónsdóttir kennir 1 x 2 tíma á viku.

Hennar hluti áfangans heitir **Skapandi skrif** og mun hún rannsaka tungumál og letur með nemendum.

| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 07 | | |
| Dags.: 08.04.2010 | | |
| Höfundur: GLÁ | | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 2 af 2 | LIM113 – Skynjun, túlkun, tjáning | Kennsluáætlun vorönn 2011 |

Kennslan fer fram í gegn um leitarnám, verkefnavinnu, bæði einstaklings og hópa, fyrirlestra, umræður og vettvangsheimsóknir, Á önninni fjalla fjórir gestafyrirlesarar um sérstök viðfangsefni sem tengjast áfanganum og skila nemendur verkefnum í tengslum við þá. Nemendur fá frí í einni kennslulotu á móti hverjum fyrirlestri. Dagsetningar og fyrirlesarar kynntir síðar.

Námsgögn: Handbækur um margvísleg málefni, myndbönd, geisladiskar, glæsur, internet. Nemendur þurfa að hafa glósu/skissubók í tímum og skriffæri.

Áætlun um yfirferð:

Skil: Nemendur vinna í glósu/skissubók, sem er skilað í lok annar. Nemendur vinna tímaverkefni í hópum sem þeir kynna í tímum og þeir skila fjórum verkefnum sem unnin eru út frá gestafyrirlestrunum.

Námsmat: Próflaus áfangi, símat. Gefið er fyrir ástundun, virkni í tímum, glósu/skissubók, einstaklings og hópaverkefni og flutning á tímaverkefnum.

Vægi námsþátta: Ástundun og virkni í tímum 10%

Verkefni út frá gestafyrirlestrum $4 \times 12,5\% = 50\%$

Glósubók 20%

Tímaverkefni 20%

Mætingarskylda í áfanganum er 100%

Með fyrirvara um breytingar -

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils